

# HLUTHAFAFUNDUR

## 4. JÚLÍ Á GRAND HÓTEL REYKJAVÍK

Stjórn Regins hf. („Reginn“ eða „félagið“) boðar til hluthafafundar í félaginu og verður hann haldinn þriðjudaginn 4. júlí 2023 í Háteig fundarsal á Grand Hótel Reykjavík, Sigtúni 28, 105 Reykjavík klukkan 16:00

Deir hluthafar sem óska eftir því að fylgjast með fundinum í gegnum streymi eru beðnir um að senda tölvupóst á netfangið [fjarfestatengsl@reginn.is](mailto:fjarfestatengsl@reginn.is) og munu þeir fá sendan hlekk á streymi af fundinum áður en hann hefst.

Dagskrá fundarins er svohljóðandi:

1. Heimild til handa stjórn til hækkunar hlutfjár

Stjórn Regins leggur til breytingar á 4. gr. samþykktta félagsins þess efnis að við greinina bætist heimild til handa stjórn félagsins til þess að auka hlutfé þess um allt að kr. 1.544.202.597 að nafnverði til þess að efna uppgjör á valfrjálsu yfirtökutilboði í allt hlutfé í Eik fasteignafélagi hf. Hluthafar skulu falla frá forgangsrétti samkvæmt 34. gr. laga nr. 2/1995 um hlutfélög. Heimildin skal gilda í tólf mánuði frá samþykkt.

2. Önnur mál, löglega fram borin.

Hluthafi getur látið umboðsmann sækja hluthafafund fyrir sína hönd. Umboðsmaður skal leggja fram skriflegt eða rafrænt umboð og skal það dagsett. Óskað er eftir að umboð berist tímanlega fyrir dagsetningu hluthafafundar á netfangið [fjarfestatengsl@reginn.is](mailto:fjarfestatengsl@reginn.is) og skal það vera undirritað af hluthafa eða prókúruhafa. Einnig er fundarmanni heimilt að framvísa umboði við mætingu á hluthafafund en þá skal þess gætt að

mæta tímanlega til að hægt sé að yfirfara umboðið með tilliti til gildis þess. Umboð verða ekki afturkölluð svo gilt sé gagnvart félaginu eftir að þeim hefur verið framvísað við afhendingu fundargagna eða eftir setningu fundarins, hvort heldur sem fyrr er.

Hver hluthafi á rétt á að fá ákveðið mál tekið til meðferðar á hluthafafundinum, ef hann gerir skriflega kröfu um það til stjórnar með viku fyrirvara. Mikilvægt er að tillögur berist með það miklum fyrirvara að unnt sé að taka málið á dagskrá fundarins, en eigi síðar en 10 dögum fyrir hluthafafund, eða fyrir kl. 16:00 þann 24. júní 2023. Hægt er að senda tillögur fyrir fundinn á netfangið [fjarfestatengsl@reginn.is](mailto:fjarfestatengsl@reginn.is).

Á hluthafafundum fylgir eitt atkvæði hverri einni krónu í hlutfé. Nánari upplýsingar um réttindi hluthafa er að finna á heimasíðu félagsins.

Gögn vegna fundarins verða aðgengileg á skrifstofu félagsins og á vefsvæði tengdu hluthafafundi á heimasíðu félagsins, [www.reginn.is/fjarfestavefur](http://www.reginn.is/fjarfestavefur), en endanleg dagskrá og tillögur verða aðgengilegar að minnsta kosti einni viku fyrir hluthafafund, sbr. 18. gr. samþykktta félagsins. Hluthafafundur félagsins verður án pappírsgagna.

Kópavogur, 12. júní 2023.  
Stjórn Regins hf.